

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Hyprosan 3,2 mg/ml augndropar, lausn.

Hypromellósi

#### **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

Notið lyfið alltaf eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða lækningunni eða lyfjafræðingur hefur sagt til um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækningunni eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

#### **Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Hyprosan og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Hyprosan
3. Hvernig nota á Hyprosan
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Hyprosan
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Hyprosan og við hverju það er notað**

Hyprosan er gervitár sem vökvar og smyr augun. Hyprosan augndropar eru notaðir við einkennum augnþurrks.

Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

#### **2. Áður en byrjað er að nota Hyprosan**

##### **Ekki má nota Hyprosan**

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir hypromellósa eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

##### **Varnaðarorð og varúðarreglur**

Engin.

##### **Börn og unglíngur**

Hyprosan hefur ekki verið rannsakað hjá börnum og unglíngum. Því má ekki nota það hjá börnum og unglíngum yngri en 18 ára.

##### **Notkun annarra lyfja samhliða Hyprosan**

Ef önnur lyf eru notuð í augu á **alltaf að nota Hyprosan síðast, og ekki fyrr en 5 mínútum eftir að önnur lyf eru notuð.**

##### **Meðganga, brjóstgjöf og frjósemi**

Óhætt er að nota Hyprosan á meðgöngu og við brjóstgjöf.

##### **Akstur og notkun véla**

Augndroparnir geta valdið tímabundinni þokusjón. Ef þú finnur fyrir slíku átt þú ekki að aka eða stjórna vélum fyrr en sjónin hefur jafnað sig til fulls.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana.

Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn.

Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

### **Augnlinsur**

Hyprosan inniheldur engin rotvarnarefni, því má nota Hyprosan með augnlinsum.

### **Hyprosan inniheldur fosföt**

Lyfið inniheldur u.þ.b. 0,06 mg af fosfötum í hverjum dropa, sem jafngildir 1,9 mg/ml. Hjá sjúklingum sem eru með verulegar skemmdir á glæra laginu sem er fremst á auganu (hornhimnunn), geta fosföt örsjaldan valdið skýjuðum flekkjum á hornhimnunn vegna uppsöfnunar kalks meðan á meðferð stendur.

## **3. Hvernig nota á Hyprosan**

Notið lyfið alltaf eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningnum eða lyfjafræðingi.


Ráðlagður skammtur handa fullorðnum er **1 dropi í hvort auga þrisvar sinnum á dag**, eða eftir þörfum.

### **Áður en droparnir eru settir í augun:**

- Þvoið hendur áður en glasið er opnað
- Þegar glasið er opnað í fyrsta skipti skal láta einn dropa drjúpa úr því áður en lyfið er notað
- Veljið þægilegustu stöðu til að setja dropana í augun (hægt er að sitja, liggja eða standa fyrir framan spegil)

### **Droparnir settir í augun:**


1. Haldið á glasinu rétt fyrir neðan lokið og snúið lokinu til að opna glasið. Ekki láta stútinn snerta neitt, til að forðast mengun lausnarinnar.



2. Hallið höfðinu aftur og haldið glasinu fyrir ofan augað.



3. Dragið neðra augnlok niður og horfið upp. Kreistið glasið varlega og látið dropa detta í augað. Hafið í huga að það gætu liðið nokkrar sekúndur milli þess sem kreist er og þess að dropi kemur út. Ekki kreista glasið of fast.



4. Blikkið nokkrum sinnum svo dropinn dreifist um augað.
5. Fylgið leiðbeiningarskrefum 2–4 til að setja Hyprosan í hitt augað.



6. **Áður en glasinu er lokað aftur skal hrísta það einu sinni niður á við til að losa allar leifar af lausninni af stútnum.** Þetta er nauðsynlegt til að tryggja að glasið verði áfram nothæft.

Eftir lyfjagjöfina gæti verið lítið magn af lausninni eftir í glasinu. Þetta stafar af því að umframmagn er sett í öll glös til að tryggja að hægt sé að gefa minnst 10 ml í hverri gjöf. Þetta rúmmál tekur einnig til lausnarinnar sem fjarlægð er af stútnum áður en glasinu er lokað aftur.

Vegna þess hvernig glasið verkar er að hámarki hægt að skammta 30 dropa úr því á dag. Ef önnur lyf eru notuð í augu á **alltaf að nota Hyprosan síðast, og ekki fyrr en 5 mínútum eftir að önnur lyf eru notuð.**

#### **Notkun handa börnum og unglíngum**

Ekki á að nota Hyprosan hjá börnum og unglíngum yngri en 18 ára.

#### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Engin þekkt viðbrögð eru við ofskömmtun Hyprosan.

#### **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Eftirtaldar aukaverkanir hafa komið fyrir:

Sjaldgæfar (geta komið fram hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum): staðbundinn sviði, augnverkur og þokusjón.

#### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækni-neða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

#### **5. Hvernig geyma á Hyprosan**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.  
Geymið við lægri hita en 25°C. Má ekki frjósa.  
Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á öskjunni og glasinu á eftir EXP.  
Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Eftir að glasið er fyrst opnað er lausnin nothæf í **4 vikur**. Geyma verður glasið vandlega lokað.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

## **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

### **Hyprosan inniheldur**

- Virka innihaldsefnið er hypromellósi. 1 ml af lausn inniheldur 3,2 mg af hypromellósa.
- Önnur innihaldsefni eru tvínatríumfosfatdódekahýdrat, natríumtvíhýdrógenfosfattvíhýdrat, natríumhýalúrónat, natríumklóríð og vatn fyrir stungulyf.

### **Lýsing á útliti Hyprosan og pakkningastærðir**

Hyprosan augndropar eru tær, litlaus lausn í gegnsæju plastglasi með hvítum dropateljara með bláum sprota og hvítu skrufloki úr plasti.

Pakkningastærð: 1 x 10 ml, 3 x 10 ml.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi**

Santen Oy  
Niittyhaankatu 20  
33720 Tampere  
Finnland

### **Framleiðandi**

Santen Oy  
Kelloportinkatu 1  
33100 Tampere  
Finnland

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2021.**